

Esjuberg

Ari Gíslason skráði.

Jörð í Kjalarneshreppi, næst vestan við Mógilsá. Merkin móti Mógilsá eru frá Leiðvelli (1) beint við vesturhorn á sléttri flöt upp í Markagil (2), (Stangargil (3) eða Festargil (4)). Vestan við Fálkaklett eftir miðju gilinu um Skarðsdali efri (5) og Skarðsdali neðri (6), eins og lækurinn ræður, upp í Þverfell (7). Móti Móum er varða á landsuðurhorni Varmhóla (8), síðan vestur þá og í vörðu hæst á þeim, beina sjónhendingu í Brautarholtsborg (9) eða beint í Villingavað (10) á Móalæk (11). Þetta voru gömlu merkin. En nú ræður vegurinn milli Saltvíkur og Esjubergs. Melur er norður af Varmhólum, milli þeirra og Dyngjuholts, sem heitir Varmhólamelur (12).

Vesturmörkin, milli Esjubergs og Skrauthóla, eru um Gvendarbrunn (13) í Flóðará (14) og beint upp Esju (15). Milli Móa og Saltvíkur eru merkin Móalækur um Gvendarbrunn og upp í há-Esju um Laugarnípu (16), sem er há nípa upp af Árvelli. Leiðvöllur hefur verið nefndur fyrr. Það er malarkambur niður við sjóinn. Áður var þar tjörn fyrir innan, en nú er þar sandnám.¹ Vestan hans taka við hamrar, sem nefndir eru Leiðhamrar (17). Þeir eru þrír talsins. Austasti hluti þeirra tilheyrir Esjubergi, en hitt Móum. Úr honum er línán í Varmhóla, þar sem þeir eru hæstir, en það er hólabyrping hér upp af. Upp af Leiðhömrum er mýri, þar sem tekinn var upp mór frá Esjubergi. Upp af Leiðvelli er flöt, er nefnist Kirkjuflöt (18). Þar var sagt, að hefði verið bænhús eða kirkja. Viðurinn í hana átti að hafa verið fluttur um Leiðvöll.

Ofan við veg er landið miklu breiðara, enda á Esjuberg land ofan vegar með Flóðará. Við gamla veginn, þegar kemur upp úr Kleifunum (19) í Mógilsárlandi, er dys, sem nefnd er Dyngja (20). Þar átti að kasta steini í, er farið var framhjá. Holtið, sem það er í, heitir Dyngjuholt (21). Austur af Dyngjuholti er mýri, sem kölluð er Dyngjumýri (22). Þar var tekinn mór, fyrst frá Grund og síðar frá Esjubergi, og sjást grafirnar þar vel ennþá.

¹ Hjálmar Þorsteinsson á Hofi hafði eftir Eyjólfí í Saurbæ, að staður hefði heitið Leikvellir (16a) eða Leikvöllur (16b) á Esjubergi. S.S.

Einu sinni endur fyrir löngu stálu tveir strákar messuklæðum úr Móakirkju og skáru þau niður í skóna sína. Þeir voru síðan hengdir í Sjálfkvíum (23) í Móanesi og dysjaðir þar allri alþýðu til viðvörunar.

Sjálfkvíar eru klettur niður við sjó. Dálítið bil er á milli þeirra, og fellur sjór þar inn um flóð. Rétt vestur af Dyngjuholti er Stekkjjarhóll (24). Þar eru gamlir Stekkir (25). Upp af Stekkjarhól er gil, sem heitir Stekkjargil (26), rétt austur af Rauðastíg. Neðar er Varmhólamelur, niður að Varmhólum. Þar úti er mikið engjaflæmi, sem nefnt er Grundarflóð. Frá Varmhólamel að Grundarflóðum er mýri, sem heitir Rimi (26a), og er það þýft stykki. Þarna er lækur, sem nefndur er Grundará (27) eða Flóðará, sem rennur í sjó austan við Sjávarhóla.

Austur af bænum á Esjubergi er hóll í túninu, sem heitir Bænhúshóll (28). Rétt hjá, var sagt, að væri kirkjugarður, og mótaði fyrir honum í æsku G. S. Austur af bænum og túninu er eyðibýlið Grund (29). Það tók af í skriðuhlaupi seint á 19. öld. Grundir (30) heita austast á túninu, og þar rétt vestur af heitir Grjótatún (31). Rétt vestan við Esjubergsbæinn var grasflöt, eða uppgróin skriða, sem var kallað Stöðull (32). Á Grund var byggt fjárhús og fjárrétt, þar sem fjósið hafði áður staðið.

Mýrin fyrir vestan melinn, niður af Stekkjarhól, heitir Grundarflóð (33). Þar vestur af heitir Hólmi (34). Austan og neðan við Esjuberg er Laug (35). Úr henni kemur lækur, sem heitir Laugarlækur (36), en heitir Móalækur, þegar kemur niður að Móum. Bæjarmýri (37) er milli Esjubergs og Móa, en Kelda (38) er frá henni og vestur eftir niður í mörk. Eyrar (39) heita stykki norður af Keldu og ná að Flóðará. Þar vestur af Keldu var allgott svæði, sem nefnt var Beitiland (39a). Eftir Beitilandi og Kirkjulandi rann kelda í Flóðará, ofan til við Áróf, sem kölluð var Vondakelda (40). Austur af Grund er hóll, sem heitir Grundarhóll (41), rétt austur af Grundarbæ.

Neðan við gamla veginn uppi í brekkunni rétt utan við Stekkjarhól er Rauðistígur (42) og Rauðastígsbrekkur (43), 3 brekkur niður af Rauðastíg. Um Rauðastíg er hægt að fara upp klettana um smágil. Er þá komið upp á Skörð (44) upp á Gljúfurdal (45). Farið er á tveim stöðum upp á Gljúfurdal, upp af Grund um Grundarsneiðingu (46) og upp af Árveli (47) um Árallasneiðingu (48). Í Gljúfrinu (49) er grjótdrangur, sem nefnist Hryggur (50).

Vestur af bæ og heldur ofar er eyðibýlið Árvöllur (50a). Þar uppi í brekkunni rétt ofan við túnið er smáhvilft, sem heitir Boladalur (51). Utan við Árvöll er dalur, sem heitir Árvallardalur (52). Í honum er blettur, sem kallaður er Jarðföll (53), eins og

uppgrónar torfur og vatnspyttir á milli. Esjuberg átti vestur með Flóðará niður í Árósi niður við sjó.

Austan við bæinn heita Skörð og Skarðabrunn (54). Skörðin ná frá Festi í Mógilsárlandi að Búa (55), sem er hnúkurinn austan við Gljúfurdalsmynnið rétt upp af Grund. Þar undir er Búahellir (56) framan í klettunum, en niðri í Gljúfrunum heitir Litlibúi (57). Það er hólhnúkur upp af Stórabúa (57a), en þaðan er nokkuð langt upp í Þverfell. Vestur af Litlabúa heitir Dýjakrókur (58), (Dýjakrókar (59), J. E.), milli Litlabúa og dalsins niður af Þverfelli. Gljúfurdalur heitir dalurinn upp af bænum. Að vestanverðu í hann koma niður nokkur gil. Vestasta gilið heitir Árvallargil (60), og hin tvö uppi á dalnum heita Hestagil (61) og Sauðagil (62). Nokkur gil austur af Sauðagili heita Smágil (63). Austur af þeim er Dýjakrókurinn. Upp af Gljúfurdal, vestur og upp af Hestagili, er hól, sem nefndur er Níphóll (64). Vestan við Níphól eru Níphólslágar (65). Vestur af Þverfelli er nefndur Gljúfurdalsbotn (66), þar sem Gljúfurdalsáin kemur upp. Neðar heitir áin Flóðará.

Vesturhorn á Esju heitir Kambshorn (67), en Kambur (68) er efst og vestast á henni. Að vestan var línan um Gvendarbrunn, sem var uppsprettulind rétt neðan við gamla veginn fyrir vestan Árvallardal. Þar eru merki milli Esjubergs og Skrauthóla. Upp og vestur af giljunum í Gljúfurdal heita Urðir (69).

Upplýsingar gáfu Teitur Guðmundsson í Móum, Jón Erlendsson (J. E.) á Mógilsá og Guðjón Sigurjónsson (G. S.) í Reykjavík. Guðjón lét lesa handrit Ara Gíslasonar fyrir sig 13/ 6 1967 og gerði lagfæringar á því. Hann er f. 14/ 9 1888 í Saltvík og var þar í 39 ár, til 1927. Síðan var hann á Esjubergi í 4 ár og á Grund í 19 ár, en eftir það í Rvík., nú í Hraunbæ 132.

Stafrófsskrá örnefna

Árvallardalur 52	Kirkjuflöt 18
Árvallargil 60	Kleifar 19
Árvallarsneiðing 48	Laug 35
Árvöllur 47	Laugarlækur 36
Beitiland 39a	Laugarnípa 16
Boladalur 51	Leiðhamrar 17
Brautarholtsborg 9	Leikvellir 16a
Búahellir 56	Leiðvöllur 1
Búi 55 = Stóribúi	Leikvöllur 16b
Bæjarmýri 37	Litlibúi 57
Bænhúshóll 28	Markagil 2
Dýjakrókur 58	Móalækur 11
Dýjakrókar 59	Níphóll 64
Dyngja 20	Níphólslágar 65
Dyngjuholt 21	Rauðastígsbrekka 43
Dyngjumýri 22	Rauðistígur 42
Esja 15	Rimi 26a
Eyrar 39	Sauðagil 62
Festargil 4	Sjálfkvíar 23
Flóðará 14	Skarðabrún 54
Gljúfur 49	Skarðsdalir efri 5
Gljúfurdalsbotn 66	Skarðsdalir neðri 6
Gljúfurdalur 45	Skörð 44
Grjótatún 31	Smágil 63
Grund 29	Stangargil 3
Grundará 27	Stekkjargil 26
Grundarflóð 33	Stekkjjarhóll 24
Grundarhóll 41	Stekkir 25
Grundarsneiðing 46	Stóribúi 57a = Búi
Grundir 30	Stöðull 32
Gvendarbrunnur 13	Urðir 68
Hestagil 61	Varmhólamelur 12
Hólmi 34	Varmhólar 8
Hryggur 50	Villingavað 10
Jarðföll 53	Vondakelda 40
Kambshorn 67	Þverfell 7
Kambur 68	
Kelda 38	